



Samræmi skilgreininga barnaverndarstarfsmanna á hugtakinu barnavernd

Freydís Jóna Freysteinsdóttir
Lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands

Markmiðið með þessari rannsókn var að kanna hvaða þætti barnaverndarstarfsmenn leggðu til grundvallar skilgreiningu á hugtakinu barnavernd og hversu mikið samræmi væri meðal barnaverndarstarfsmanna á skilgreiningu hugtaksins. Barnaverndarstarfsmenn voru beðnir um að svara spurningalista sem innihélt m.a. 14 dæmasögur sem fólu í sér eftirfarandi fimm þætti: 1) Áhættuþætti, 2) Misbrest í uppeldi (ofbeldi og vanræksla), 3) Áhættuhegðun barns, 4) Úrræði og 5) Stuðning/þvingun. Gengið var út frá því að barnaverndarstarfsmenn teldu misbrest í uppeldi falla undir barnavernd og var því kannað í þeim þætti, hvort barnaverndarstarfsmenn teldu tilteknar líkamlegar refsingar sem liggja á gráu svæði teljast til líkamlegs ofbeldis og hvort tiltekin atvik sem einnig liggja á gráu svæði, teldust til vanrækslu í umsjón og eftirliti eða ekki. Niðurstöður sýndu talsvert ósamræmi meðal barnaverndarstarfsmanna er varðaði lykिल्þætti til skilgreininga á hugtakinu barnavernd, en minnst var ósamræmið er varðar áhættuhegðun barns. Talsvert ósamræmi var einnig að meðaltali hjá hverjum barnaverndarstarfsmanni fyrir sig við skilgreiningu hugtaksins. Ekki komu fram tengsl milli menntunar og skilgreiningar á hugtakinu, en marktæk tengsl voru milli búsetu og skilgreiningar hugtaksins.

Eins og fram kemur í skýrslu sem unnin var af nefnd hér á landi á vegum Félagsþjónustunnar í Reykjavík árið 2004, er mismunandi eftir löndum hvað fellur undir hugtakið barnavernd. Hér á landi er hugtakið notað nokkuð vítt miðað við notkun þess í Bandaríkjunum, en það nær einnig yfir talsvert vítt svið á hinum Norðurlöndunum (sjá í Guðrún Kristinsdóttir og fleiri, 2004). Einungis misbrestur í uppeldi barna flokkast undir barnavernd í Bandaríkjunum, eða ofbeldi og vanræksla (National study of child protective services systems and reform efforts, 2003). Samkvæmt barnaverndarlögum (2002), flokkast misbrestur í uppeldi barna og áhættuhegðun barna tvímælalaust undir hugtakið barnavernd, þar sem hér á landi ber að tilkynna um slíkt til barnaverndaryfirvalda og nær tilkynningarskyldan til lögreglu, þeirra sem starfa með börnum og almennings.

Önnur viðmið eru þó ekki eins skýr hér á landi líkt og hefur einnig komið fram á öðrum Norðurlöndum (Tine Egelund & Signe Andrén Thomsen, 2002; Turid Vogt Grinde, 2004). Til dæmis virðist nokkuð misjafnt meðal sveitarfélaga og meðal einstakra barna-

verndarstarfsmanna, hvort flokka beri mál sem barnaverndarmál, þar sem áhættuþættir eru fyrir hendi án þess þó að misbrestur í uppeldi eða áhættuhegðun eigi sér stað. Þó er getið um einn tiltekinn áhættuþátt í barnaverndarlögum (2002) sem er óregla (áfengis/vímuefnaneysla) foreldra. Hið sama gildir um þörf fyrir sértæk úrræði sem koma fram í barnaverndarlögum (2002), eins og t.d. persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu. Óljóst virðist hafa verið hvort flokka beri slík mál sem barnaverndarmál þegar ekki er um að ræða misbrest í aðbúnaði barns eða áhættuhegðun.

Loks hefur borið á ósamræmi í því hvort flokka beri mál sem barnaverndarmál eftir því hvort foreldri og/eða barn leitar aðstoðar eða hvort barnaverndartilkygning berst frá öðrum aðila (til dæmis skóla) um málið. Taka ber þó fram að nokkuð skýr viðmið eru um það í barnaverndarlögum (2002) og leiðbeiningum Barnaverndarstofu (e.d.) að slík mál beri að flokka sem barnaverndarmál ef grunur er á að misbrest í aðbúnaði eða áhættuhegðun barns sé að ræða. Hið sama kom fram hjá þeirri nefnd sem vann að því að skilgreina

barnaverndarhugtakið (Guðrún Kristinsdóttir og fleiri, 2004).

Þess ber að geta að þetta efni hefur ekki verið rannsakað sérstaklega fyrr og það sem fram kemur hér að ofan byggist á þeim umræðum sem hafa verið á málstofum Barnaverndarstofu.

Þar sem ekki virðist ríkja sami skilningur meðal fólks á því hvað felst í hugtakinu barnavernd, þarf ekki að koma á óvart að talsvert ósamræmi er í fjölda barnaverndartilkynninga meðal sveitarfélaga í sama landshluta (Barnaverndarstofa, 2001). Þess má geta að rannsókn Anni Haugen (2004) sýndi einnig að talsvert ósamræmi er í túlkun barnaverndarstarfsmanna á stöðu mála og hvers konar aðgerðum skuli beita í barnaverndarmálum. Skilgreiningar og flokkunarkerfi (SOF) hefur verið þróað fyrir barnaverndarstarfsmenn, m.a. með það að markmiði að samræma skilgreiningar varðandi ofbeldi, vanrækslu og áhættuhegðun barna (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, e.d.). Það flokkunarkerfi tekur einungis til skilgreininga er varða ofbeldi, vanrækslu og áhættuhegðun, en ekki til áhættuþátta, úrræða og stuðnings/þvingunar.

Leiðir til skilgreiningar á hugtakinu barnavernd

Misbrestur í uppeldi og áhættuhegðun barns. Skýrter í barnaverndarlögum (2002) að misbrest í uppeldi annars vegar og áhættuhegðun barns hins vegar beri að tilkynna til viðeigandi barnaverndaryfirvalda:

Pegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess, skal hún taka afstöðu til þess án tafar... hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu. (bls. 7-8).

Líklegt er að nokkurs samræmis gæti meðal barnaverndarstarfsmanna, á skilgreiningum er varðar misbrest í aðbúnaði annars vegar og ofbeldi hins vegar, þar sem nokkuð skýrt er

kveðið á um þessa tvo flokka í lögunum. Hins vegar virðist stundum liggja á gráu svæði hvort tiltekna athafnir eða skortur á þeim skilgreinist sem ofbeldi/vanræksla. Dæmi sem liggja á gráu svæði voru því tekin fyrir í rannsókninni og varða þau misbrest í uppeldi. Svo virðist hins vegar sem meira ósamræmi hafi verið í því hvort beri að flokka hina þættina þrjá undir barnaverndarmál meðal sveitarfélaga og einstakra barnaverndarstarfsmanna.

Áhættuþættir. Þegar skilgreining á barnaverndarmáli miðast út frá áhættuþáttum er um afar víða skilgreiningu að ræða. Skilgreiningin getur falið það í sér að málið teljist barnaverndarmál ef um einhverja áhættuþætti er að ræða. Áhættuþættir eru þættir sem hafa fylgni við misbrest í uppeldi barna (Burgess & Draper, 1989) og eru taldir geta aukið líkur á misbresti í uppeldi barna í framtíðinni (Rosenstein, 1995). Áhættuþættir hafa fundist á nokkrum sviðum, hjá foreldrum (Cicchetti & Lynch, 1995; Crittenden & Ainsworth, 1989; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003, 2005; Zuravin & DiBlasio, 1996; Walsh, MacMillan & Jamieson, 2002), hjá börnum (Ammerman & Hersen, 1990; Belsky, 1993; DePanfilis & Zuravin, 1999), í fjölskyldum (DePanfilis & Zuravin, 1999; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005; Newman & Grauerholz, 2002; Shaffer, 2000), í samfélaginu (Belsky, 1980; Buchanan, 1998; Cicchetti & Lynch, 1993, 1995) og í menningu (Belsky, 1980; Cicchetti & Lynch, 1995).

Úrræði. Þegar skilgreining tekur mið af þeim úrræðum sem fyrir hendi eru, telst mál vera barnaverndarmál ef þörf er talin á sértæku úrræði sem tiltekin eru í barnaverndarlögum (2002). T.d. gæti verið um áhættuþætti að ræða í máli, án þess að tilkynning eða vitneskja hafi borist um misbrest í uppeldi barns og talið æskilegt að beita sértæku úrræði í forvarnarskygni.

Stuðningur/þvingun. Þessi skilgreining tekur mið að því hvort viðeigandi foreldrar og/ eða börn hafi frumkvæði að því að leita sér aðstoðar. Ef foreldri eða barn leita sjálf eftir

aðstoð er ekki um barnaverndarmál að ræða (jafnvel þó að um misbrest í uppeldi sé að ræða eða áhættuhegðun barns). Hins vegar flokkast mál af sama tagi sem barnaverndarmál ef tilkynnt er um það af hálfu annarra en foreldra og/eða barna. Þessi skilgreining er einungis talin hugsanlega geta átt við í Reykjavík, en þar hefur verið lögð rík áhersla á að veita félagslega ráðgjöf og var stofnuð sérstök eining þar sem vinnsla barnaverndarmála hefur farið fram á undanförunum árum, með það að markmiði að skilja vinnslu barnaverndarmála frá félagslegri þjónustu (Lára Björnsdóttir o.fl., 2003). Á undanförunum árum hafa því þeir foreldrar og/eða börn sem leita aðstoðar fengið félagslega ráðgjöf og aðra þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga á þjónustumiðstöðvum í hverfum, en barnaverndartilkynningar hafa borist til Barnaverndar Reykjavíkur. Á öllum öðrum stöðum á landinu hefur hins vegar sú þjónusta sem hefur verið byggð á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (1991) og barnaverndarlögum (2002) farið fram á sama stað í umdæmi hvorrar barnaverndarnefndar. Í raun kveða þó barnaverndarlögin (2002) nokkuð skýrt á um að öll mál sem fela í sér misbrest í uppeldi og/eða áhættuhegðun barns beri að flokka sem barnaverndarmál, hvaðan sem upplýsingarnar berast eins og beina tilvitnunin í barnaverndarlögin (2002) hér að ofan felur í sér.

Aðferð

Rannsóknin fór fram á árinu 2005, en undirbúningur hennar á árinu 2004. Í þessari rannsókn voru spurningalistar sendir út til yfirmanna allra barnaverndarstarfsmanna á Íslandi frá Barnaverndarstofu sem fylgiskjal í tölvupósti, ásamt bréfi þar sem yfirmenn voru beðnir um að dreifa listunum til viðkomandi barnaverndarstarfsmanna sem sinna almennri barnaverndarvinnu og senda þá til rannsakanda. Þannig voru spurningalistarnir nafnlausir og ekki hægt að rekja þá til viðkomandi barnaverndarstarfsmanna. Almenn barnaverndarvinna felur m.a. í sér að vinna

kannanir mála og áætlanir um stuðningsúrræði og einhliða áætlanir um þvingunarúrræði ef þörf krefur (Barnaverndarlög, 2002). Í spurningalistunum voru 14 dæmasögur sem barnaverndarstarfsmenn áttu að taka afstöðu til hvort þeir a) mundu flokka sem barnaverndarmál og b) að þeir teldu að ætti að flokkast sem barnaverndarmál. Í dæmasögunum voru sögur sem fólu í sér þá þætti til grundvallar skilgreiningar á hugtakinu barnavernd sem hefur verið fjallað um hér, auk þess sem einnig voru dæmasögur sem fólu í sér atvik sem liggja á gráu svæði er varðar líkamlegt ofbeldi og vanrækslu í umsjón og eftirliti. Auk þess voru í spurningalistanum spurningar um eftirfarandi þætti: a) starfsaldur, b) fjölda íbúa í umdæmi, c) hvort viðkomandi starfaði á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni, d) aldur þátttakanda, e) menntun þátttakanda, f) viðhorf þátttakanda til þess hvaða menntunarkröfur gera ætti til barnaverndarstarfsmanna sem vinna almenna barnaverndarvinnu og g) hvort þátttakanda þætti betra fyrirkomulag að hvert sveitarfélag hefði sitt eigið tölvukerfi eins og verið hefur eða hvort Barnaverndarstofa ætti að reka sameiginlegt tölvukerfi fyrir rafræna vinnslu barnaverndarmála í öllum sveitarfélögum landsins. Ítrekun var send út einu sinni og veittur frestur um leið á skilum.

Einnig var hringt út til allra barnaverndarnefnda eða starfsmanna barnaverndarnefnda á Íslandi og beðið um upplýsingar um fjölda þeirra sem vinna almenna barnaverndarvinnu, þ.e. að taka á móti barnaverndartilkynningu m, vinna kannanir mála og áætlanagerð með stuðningsúrræðum eða þvingunarúrræðum ef þörf er á.

Niðurstöður

Fjötutíu og átta spurningalistar bárust, en niðurstöður símakönnunar sýndu að 89 starfsmenn koma að almennri barnaverndarvinnu hjá 34 barnaverndarnefndum. Fjöldi starfsmanna var á bilinu einn til sex í öllum sveitarfélögum nema einu (17 í Reykjavík). Svarhlutfall var 53% og því ekki hægt að

alhæfa niðurstöðurnar á alla barnaverndar-starfsmenn. Meðalstarfstími í barnavernd voru níu ár en var allt frá innan árs upp í 29 ár. Meðalaldur barnaverndarstarfsmanna var 41 árs ($s = 8,5$), en upplýsingar um aldur vantaði í nokkrum tilfellum.

Af 48 barnaverndarstarfsmönnum var 31 með starfsréttindi í félagsráðgjöf (65%). Ellefu höfðu lokið háskólagráðu innan félagsvísinda, þrjú lokið háskólagráðu en ekki í félagsvísindum og þrjú voru ekki með háskólagráðu. Helmingur úrtaksins, eða 24 töldu að barnaverndarstarfsmenn ættu að vera með starfsréttindi í félagsráðgjöf, 13 töldu að þeir ættu að hafa háskólagráðu í félagsvísindum, fimm töldu að nægilegt væri að hafa háskólagráðu og tveir töldu ekki þurfa að vera neinar sérstakar menntunarkröfur, en þrjú svöruðu ekki þessari spurningu. Eins og sjá má í töflu 1 töldu flestir barnaverndarstarfsmenn með starfsréttindi í félagsráðgjöf að barnaverndarstarfsmenn sem sinna almennri barnaverndarvinnu eigi að vera með starfsréttindi í félagsráðgjöf. Hins vegar töldu flestir aðrir barnaverndarstarfsmenn að háskólagráða innan félagsvísinda væri fullnægjandi. Munurinn er marktækur ($\lambda = 0,524$, $p = 0,000$).

1. tafla Álit á menntunarkröfum út frá menntun barnaverndar-starfsmanna

Menntun bvstm.	Álit bvst. á menntunarkröfum			
	fél.ráð.	Hásk.gr. í fél.vís.	Önnur hásk. gr	Engin sérst.
Félagsráðgjafi	23	2	3	2
Hásk. gr. félv.		10	1	
Önnur hásk.gr.	1		1	
Ekki lokið hásk.gr.		1		
Samtals	24	13	5	2

Talsvert fleiri barnaverndarstarfsmenn voru ósammála því að taka upp samræmt tölvukerfi yfir landið í skráningu og vinnslu barnaverndarmála, en sammála, 25 voru frekar/mjög ósammála, 8 hlutlausir og 14 frekar/mjög sammála. Ekki voru marktæk tengsl milli menntunar barnaverndarstarfsmanna og álits á tölvukerfi barnaverndaryfirvalda ($\lambda = 0,121$, $p = 0,198$).

Afar lítill munur var á svörum hvers barnaverndarstarfsmanns á því hvort mál væri flokkað sem barnaverndarmál eða hvort þeir teldu að það ætti að flokkast sem barnaverndarmál og var því ekki unnið úr seinni svörunum, en einungis þeim fyrri, þ.e. hvernig barnaverndarstarfsmenn flokka málin.

Tvær dæmasögur fólu í sér líkamlegar refsingar og var kannað með þeim hvort barnaverndarstarfsmenn skilgreindu þær sem líkamlegt ofbeldi (barn rassskellt og unglundur löðrungaður). Eins og sjá má í töflu 2 taldi um helmingur barnaverndarstarfsmanna að þau bæri að flokka sem barnaverndarmál en um helmingur taldi svo ekki vera. Aftur á móti telur meiri hluti barnaverndarstarfsmanna að um vanrækslu í umsjón og eftirliti sé að ræða í fjórum dæmasögum af fimm (2. tafla).

Þegar litið er á aðra þætti sem koma að skilgreiningu á hugtakinu barnavernd hér á landi má sjá að misjafnlega mikið samræmi er meðal barnaverndarstarfsmanna og er það einna mest varðandi áhættuhegðun unglunga en einna minnst varðandi þörf á sértækum úrræðum (3. tafla). Jafnframt kom fram talsvert ósamræmi í því hvort mál flokkast sem barnaverndarmál og var þá háð því hvort foreldri sjálft leitast aðstoðar eða tilkynnt er um málið (4. tafla).

2. tafla Skilgreiningar barnaverndarstarfsmanna: Grá svæði ofbeldis og vanrækslu

	Já%	Nei%
<u>Líkamlegt ofbeldi</u>		
Fimm ára barn rassskellt í búð	23 (50%)	23(50%)
Unglingur löðrungaður	18 (41%)	26 (59%)
<u>Vanræksla í umsjón og eftirliti</u>		
6 ára barn eitt heima hálfan daginn	40 (87%)	6 (13%)
10 ára gamalt barn passar 2ja ára á kvöldin	33 (70%)	14 (30%)
4ja ára barn skilið eftir eitt í stuttan tíma	32 (67%)	16 (33%)
11 ára og 14 ára börn ein heima í viku	38 (79%)	10 (21%)
Tvær 12 ára stúlkur einar heima yfir nótt	4 (9%)	40 (81%)

3. tafla. Samræmi meðal barnaverndarstarfsmanna: Áhættuhegðun, áhættuþættir og úrræði.

	Já (%)	Nei (%)
<u>Áhættuhegðun</u>		
14 ára barn – vímuefnan. tilk. frá skóla	45 (94%)	3 (6%)
14 ára barn – vímuefnan. foreldrar leita aðst.	45 (96%)	2 (4%)
<u>Áhættuþættir</u>		
Móðir þunglynd og fjárhagserf.	13 (28%)	34 (72%)
Einstætt foreldri, barn með ADHD og þráh.	14 (29%)	34 (71%)
Greindarskert móðir	10 (21%)	37 (79%)
Þörf á sértækum úrræðum		
Saga um misbrest í uppeldi hjá 12 ára stúlku	30 (62,5)	18 (37,5)
Drengur með ADHD og Tourette	16 (33%)	32 (77%)

4. tafla. Stuðningur/þvingun

	Foreldri leitar	Tilkynn.
Misbrestur í uppeldi	18 (41%)	23 (50%)
Áhættuhegðun	45 (96%)	45 (94%)
Áhættuþættir	14 (29%)	13 (28%)
Úrræði	30 (63%)	16 (35%)
Taflan sýnir tíðni og hlutfall barnaverndarstarfsmanna sem telja viðkomandi mál flokkast sem barnaverndarmál (já).		

5. tafla. Samræmi að meðaltali hjá hverjum barnaverndarstarfsmanni á því hvað fellur undir hugtakið barnavernd

Skilgreiningaratriði	Áreiðanleikastuðull (α)	N og % samræmi
Áhættuþættir	0,59	30 (62,5%)
Úrræði	0,71	30 (62,5%)
Áhættuhegðun	-0,11	42 (89%)
Tilkynning berst	0,65	11 (23%)
Aðilar leita aðstoðar	0,60	10 (21%)

Ofantaldar niðurstöður sýna hversu mikið samræmi er á meðal barnaverndarstarfsmanna í því hvað felst í hugtakinu barnavernd. Jafnframt var skoðað samræmi hjá hverjum barnaverndarstarfsmanni fyrir sig, það er hvort hver barnaverndarstarfsmaður fyrir sig taldi allar dæmasögur er fólu í sér sama skilgreiningaratriðið (t.d. úrræði) vera barnaverndarmál.

Ef áreiðanleikasstuðull er skoðaður í töflu 5, má sjá hversu mikið samræmi er í mati hvers barnaverndarstarfsmanns fyrir sig. Ef áreiðanleikastuðullinn er 1,00 þá flokkar sami barnaverndarstarfsmaður öll mál innan hvers flokks eins. Eftir því sem talan er lægri því meira ósamræmi er hjá hverjum barnaverndarstarfsmanni fyrir sig. Áreiðanleikastuðullinn varðandi áhættuhegðunina er lægstur og verður tekinn hér sem dæmi. Þar var minnsta fylgnin. Tvær dæmasögur fólu í sér áhættuhegðun, 42 flokkuðu báðar sem barnaverndarmál, tveir flokkuðu fyrri sem barnaverndarmál en ekki þá seinni, en þrír flokkuðu fyrri dæmasöguna ekki sem barnaverndarmál en þá seinni sem barnaverndarmál. Þessir fimm hafa þetta mikil áhrif á breytileikann og lækka þannig áreiðanleikastuðulinn. Hlutfallið sem fram kemur í töflu 5, sýnir hversu hátt hlutfall metur dæmasögur eins, innan hvers flokks og tekur ekki tillit til misræmis eins og áreiðanleikastuðullinn. Eins og sjá má var samræmið fremur hátt í þremur efstu flokkunum, þ.e. þegar um var að ræða áhættuþætti, úrræði og áhættuhegðun barns

eða milli 62,5% og 89%. Ekki var kannað samræmi á skilgreiningu á því hvað flokkast undir barnaverndarmál varðandi misbrest í uppeldi, þar sem hvert tilfelli fól í sér atvik sem er á gráu svæði og verið var að kanna sérstaklega hvort barnaverndarstarfsmenn teldu í raun vera misbrest í aðbúnaði barns. Samræmið varðandi það eftir því hvaða leið mál berst var hins vegar lítið, sem er í raun gott, þar þetta atriði ætti í raun ekki að skera úr um hvort mál flokkast sem barnaverndarmál.

T-próf voru gerð á mati barnaverndarstarfsmanna á því hvort samanlagðar dæmasögur innan hvers flokks í töflum 2, 3 og 4 flokkuðust sem barnaverndarmál út frá menntun þeirra (starfsréttindi í félagsráðgjöf – önnur menntun). Ekki reyndist vera marktækur munur innan neins flokks hvað þetta varðar. Jafnframt var prófað með t-prófum hvort tengsl væru milli búsetu (innan höfuðborgarsvæðis – á landsbyggðinni) og mati barnaverndarstarfsmanna á því hvernig dæmasögur innan hvers flokks í töflum 2, 3 og 4 flokkuðust. Eins og sjá má á töflu 6, reyndist marktækur munur hins vegar vera á mati barnaverndarstarfsmanna eftir búsetu varðandi fjóra flokka. Barnaverndarstarfsmenn á höfuðborgarsvæðinu mátu mál frekar sem barnaverndarmál sem voru á gráu svæði er varðar vanrækslu í umsjón og eftirliti, heldur en barnaverndarstarfsmenn á landsbyggðinni. Hins vegar mátu barnaverndarstarfsmenn á landsbyggðinni fremur mál sem barnaverndarmál er varðaði áhættuhegðun og áhættuþætti heldur en barnaverndarstarfsmenn

6. tafla. Skilgreiningar barnaverndarstarfsmanna eftir búsetu

	t	df	sig.
Líkamlegt ofbeldi	,864	39	,393
Vanræksla í umsjón og eftirliti	-1,95	40	,057*
Áhættuhegðun	1,01	24,2	,323
Áhættuþættir	1,85	40,2	,071*
Úrræði	2,91	45	,006***
Stuðningur (foreldri/barn leitar aðst.)	2,76	41	,008***
Þvingun (tilkynning berst)	1,58	42	,122
* = < ,10, *** = < ,01			

á höfuðborgarsvæðinu. Loks mátu barnaverndarstarfsmenn á landsbyggðinni mál sem fólu það í sér að foreldri og/eða barn leitaði sjálfst aðstoðar fremur mál sem barnaverndarmál, heldur en barnaverndarstarfsmenn á höfuðborgarsvæðinu.

Umræða

Barnaverndarnefndir á Íslandi eru nú 34 talsins og koma nú 90 barnaverndarstarfsmenn að almennri barnaverndarvinnu í misjafnlega háu starfshlutfalli. Meðalaldur barnaverndarstarfsmanna var 41 ár sem er nánast sá sami og kom fram í rannsókn Anni Haugen (2004). Þeir aðilar sem vinna almennt barnaverndarstarf hafa að meðaltali nokkuð langa reynslu af því eða yfir 9 ár. Meðal starfsreynslutími barnaverndarstarfsmanna í rannsókn Anni Haugen (2004) var í við skemmri eða 7 ár. Hlutfall barnaverndarstarfsmanna með starfsréttindi í félagsráðgjöf var 65% sem er svipað og í rannsókn Anni Haugen (2004), en þar var það 63%.

Rétt rúmlega helmingur þeirra sem svörðu taldi almenna barnaverndarvinnu eiga að vera unna af félagsráðgjöfum. Þessi niðurstaða er athyglisverð þar sem félagsráðgjöfin er eina námsgreinin á Íslandi sem heldur námskeið sem undirbýr verðandi fagfólk markvisst undir vinnu í barnavernd með kenngslu m.a. í félagsmálalöggjöf (þar með barnaverndarlöggjöf), ofbeldi og vanrækslu, viðtalstækni og fjölskyldumeðferð

(Kennsluskra I, 2005). Flestir félagsráðgjafar (74%) töldu að almennt barnaverndarstarf eigi að vera unnið af félagsráðgjöfum. Hins vegar töldu allir barnaverndarstarfsmenn með aðra menntun, nema einn, að starfsréttindi í félagsráðgjöf ættu ekki að vera skilyrði.

Einnig er athyglisverð sú niðurstaða að meiri hluti barnaverndarstarfsmanna telur æskilegt að hvert sveitarfélag sé með eigið tölvukerfi í barnavernd, fremur en að um eitt sameiginlegt tölvukerfi meðal allra sveitarfélaga sé að ræða. En sameiginlegt miðlægt tölvukerfi mundi væntanlega gera það að verkum að auðveldara væri að halda utan um allar upplýsingar á landinu er tengjast barnaverndarmálum, meðal annars ef fólk flytur milli sveitarfélaga. Einnig myndi slíkt kerfi væntanlega fela í sér að hægt væri að kalla fram ýmsar upplýsingar fyrirhafnarlaust af Barnaverndarstofu, t.d. hve margar tilkynningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart barni hefðu borist í síðastliðnum mánuði.

Pegar litið er til mats barnaverndarstarfsmanna á því hvort dæmasögur falli undir barnavernd, kemur í ljós talsvert ósamræmi, en misjafnlega mikið þó. Talsvert ósamræmi var á mati starfsmanna á málum sem lágu á gráu svæði er varðar líkamlegt ofbeldi og vanrækslu í umsjón og eftirliti, t.d. taldi helmingur barnaverndarstarfsmanna að ein dæmasagan félli undir barnavernd en helmingur taldi svo ekki vera. Samræmi meðal mats barnaverndarstarfsmanna varðandi

áhættuhegðun barna er mikið, en taka ber fram að þar fólu dæmasögur einungis í sér vímuefnanotkun unglings. Hins vegar er samræmið minna varðandi áhættuþætti og mjög lítið varðandi þörf fyrir sértæk úrræði. En það kemur kannski ekki á óvart, þar sem við því var búist í upphafi rannsókna. Nokkuð mikið ósamræmi var einnig að finna í mati barnaverndarstarfsmanna á því hvort mál eigi að flokkast sem barnaverndarmál eftir því hvort foreldri/barn leitar aðstoðar eða hvort barnaverndartilkynning hefur borist. Rúmlega þriðjungur telur til dæmis að þörf fyrir sértæk úrræði í kjölfar tilkynningar skilgreini mál sem barnaverndarmál en yfir tveir þriðju skilgreina slík mál sem barnaverndarmál ef foreldri leitar aðstoðar. Jafnframt kemur það ekki á óvart að minna er um það á höfuðborgarsvæðinu að mál flokkist sem barnaverndarmál þegar foreldri/barn leitar sjálft aðstoðar, heldur en á landsbyggðinni, vegna þeirrar áherslu sem verið hefur í Reykjavík.

Nokkuð gott samræmi var að meðaltali hjá hverjum barnaverndarstarfsmanni fyrir sig er varðar skilgreiningu á því hvað flokkast undir barnavernd varðandi áhættuþætti, úrræði og áhættuhegðun. Því virðast barnaverndarstarfsmenn hafa þessi atriði nokkuð til hliðsjónar þegar þeir taka ákvörðun um það hvort mál sé barnaverndarmál.

Enginn munur kom fram á mati barnaverndarstarfsmanna út frá menntun þeirra. Hins vegar var marktækur munur á mati barnaverndarstarfsmanna út frá búsetu þeirra varðandi fjóra flokka; a) vanrækslu í umsjón og eftirliti, b) áhættuþætti, c) úrræði og d) þegar foreldri/barn leitar aðstoðar vegna misbrests í uppeldi og/eða áhættuhegðunar barns.

Niðurstöður þessar gefa sterkar vísbendingar um að nauðsynlegt sé að vinna enn frekar að meiri samræmingu skilgreininga meðal barnaverndarstarfsmanna á Íslandi og ekki síst meðal mismunandi landsvæða, svo tryggja megi samræmi og jafnræði í þeirri þjónustu sem veitt er af hálfu barnaverndaryfirvalda.

Heimildir

- Ammerman, R.T. & Hersen, M. (1990). Research in child abuse and neglect: current status and an agenda for the future. Í R.T. Ammerman & M. Hersen (Eds.), *Children at risk: An evaluation of factors contributing to child abuse and neglect* (bls. 3-19). New York: Plenum Press.
- Anni G. Haugen. (2004). *Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið: Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarlög nr. 80. (2002). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Barnaverndarstofa. (2001). *Ársskýrsla 2000*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa. (E.d.). Handbók fyrir barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Belsky, J. (1980). Child maltreatment: An ecological integration. *American Psychologist*, 35 (4), 320-335.
- Belsky, J. (1993). Etiology of child maltreatment: A developmental-ecological analysis. *Psychological Bulletin*, 114 (3), 413-434.
- Buchanan, A. (1998). Intergenerational child maltreatment. Í Y. Danieli (Ritstj.), *International handbook of multigenerational legacies of trauma* (bls. 535-552) New York: Plenum Press.
- Burgess, R. L. & Draper, P. (1989). The explanation of family violence: The role of biological, behavioral, and cultural selection. Í L. Ohlin & M. Tonry (Eds.), *Family Violence* (Rit 11, bls. 59-116).

- Cicchetti, D. & Lynch, M. (1993). Toward an ecological/transactional model of community violence and child maltreatment: consequences for children's development. *Psychiatry*, 56, 96-118.
- Cicchetti, D. & Lynch, M. (1995). Failures in the expectable environment and their impact on individual development: The case of child maltreatment. Í D. Cicchetti & D. J. Cohen (Ritstj.), *Developmental Psychopathology* (Rit 2, bls. 32-71). New York: John Wiley & Sons, Inc.
- Crittenden, P. M. & Ainsworth, D. S. (1989). Child maltreatment and attachment theory. Í D. Cicchetti & V. Carlson (Eds.), *Child maltreatment: Theory and research on the causes and consequences of child abuse and neglect* (bls. 432-463). New York: Cambridge University Press.
- DePanfilis, D. & Zuravin, S.J. (1999). Predicting child maltreatment recurrences during treatment. *Child Abuse and Neglect*, 23 (8), 729-743.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2003). Skilgreiningar og flokkun á misfellum á umönnun og uppeldisskilyrðum barna. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 181-189). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands – Háskólaútgáfan.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2005). *Risk factors for repeated child maltreatment: An ecological approach*. Reykjavík: University of Iceland Press.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (e.d.). *Skilgreiningar-og flokkunarkerfi í barnavernd SOF*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Guðrún Kristinsdóttir, Freydís Jóna Freysteinsdóttir, Guðrún Frímansdóttir, Gunnar M. Sandholt, Hrefna Friðriksdóttir og Ólöf Finnsdóttir (2004). *Barnaverndarmál: Skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrannalönd*. Reykjavík: Félagsþjónustan í Reykjavík.
- Kennsluskrá I. (2005). Háskóli Íslands *Kennsluskrá I háskólaárið 2005-2006*. Reykjavík: Háskóli Íslands
- Lára Björnsdóttir, Guðrún Frímansdóttir, Ellý Þorsteinsdóttir, Ólöf Finnsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir, Steinunn Bergmann og Sigtryggur Jónsson. (2003). *Útfærsla á tillögum starfshóps borgarstjóra um skipulag barnaverndar á vegum Reykjavíkurborgar og úrbætur á reglum og málsmeðferð barnaverndarmála*. Reykjavík: Félagsþjónustan í Reykjavík.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40 (1991). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Miller-Perrin, C.L. & Perrin, R.D. (1999). *Child Maltreatment: An Introduction*. London: SAGE Publications.
- National study of child protective services systems and reform efforts (2003). Sótt 18. desember, 2003 af <http://aspe.hhs.gov/hsp/CPS-status03/index.htm>.
- Newman, D.M. & Grauerholz, L. (2002). *Sociology of Families (2nd ed.)*. Thousand Oaks: Pine Forge Press.
- Rosenstein, P. (1995). Parental levels of empathy as related to risk assessment in child protective services. *Child Abuse and Neglect*, 19 (11), 1349-1360.
- Shaffer, D. R. (2000). *Social and personality Development* (4th ed.). Belmont: Wadsworth/Thomson Learning.

- Tine Egelund & Signe André Thomsen. (2002). *Tærskler for anbringelse: En vigneteundersøgelse om socialforvaltningernes vurderinger i børnesager*. København: Socialforsknings instituttet, 2 (13).
- Turid Vogt Grinde. (2004). Nordisk barnevern: Terskelen for barneverntiltak og beslutningsprosessen ved bruk av tvang. Í Turid Vogt Grinde (ritstj.), *Nordisk barnevern: Terskelen for barneverntiltak og beslutningsprosessen ved bruk av tvang* (bls. 11-34). Oslo: Nork institutt for forskning om oppvekst velferd og aldring. Norwegian Social Research (NOVA).
- Walsh, C., MacMillan, H & Jamieson, E. (2002). The relationship between parental psychiatric disorder and child physical and sexual abuse: findings from the Ontario Health Supplement. *Child Abuse & Neglect*, 26 (1), 11-22.
- Zuravin, S. J. & DiBlasio, F. A. (1996). The correlates of child physical abuse and neglect by adolescent mothers. *Journal of Family Violence*, 11 (2), 149-166.